

Airbus verðlaunar íslenska háskólanema

Fréttablaðið Innlent 26. júlí 2011 05:00



Liðið stefnir að því að taka aftur þátt að ári og hefur sett sér háleit markmið um árangur.

Fimmtán manna hópur nemenda við Háskóla Íslands tók um fyrri helgi þátt í alþjóðlegu hönnunarkeppninni Formula Student sem fram fór á Silverstone-kappakstursbrautinni í Bretlandi. Hópurinn hefur síðasta árið hannað rafknúinn kappakstursbíl.

„Þetta gekk framur vonum. Við fengum verðlaun sem er ekkert annað en geðveikt fyrir lið sem er að taka þátt í fyrsta skipti. Öll reynslan sem við fengum þarna úti og það að sjá hvernig keppnin gengur fyrir sig, það var bara frábært,“ segir Arnar Freyr Lárusson sem leitt hefur vinnu hópsins.

Alls tóku lið frá 110 skólum þátt í keppninni að þessu sinni en keppnin er haldin árlega. „Liðin koma alls staðar að úr heiminum og sum þeirra eyða tugum milljóna króna á ári í þróun bílsins auk þess að hafa starfsmenn í fullri vinnu hjá skólunum sínum við þetta,“ segir Arnar og bætir við: „Þegar fólk úti heyrði hvað við erum í raun með takmörkuð aðföng trúði það varla að okkur hefði tekist að búa til fullmótaðan bíl.“

Íslenska liðið tók þátt í sjálfbærnisflokki sem er flokkur fyrir bíla sem ganga fyrir óhefðbundnum orkugjöfum. Þótt markmiðið sé að hanna kappakstursbíl segir Arnar keppnina ekki vera kappakstur því mestur tími fari í að kynna hönnunina, viðskiptalíkanið og hugmyndafræði hópsins.

„Liðin setja sig í spor fyrirtækis sem er að hanna bíl sem það vill svo kynna fyrir framleiðslufyrirtæki eða fjárfestum. Liðin þurfa því að hanna og búa til bílinn út frá viðskiptalegum forsendum og greina hvers konar viðskiptavini þau eru með í huga. En margt annað kemur reyndar til svo sem umhverfissjónarmið,“ segir Arnar.

Fjöldi stórfyrirtækja fylgist með keppninni og eitt þeirra er Airbus sem veitir árlega einu liði, sem þykir vera samheldið og hafa lagt mikið á sig, peningaverðlaun. Í þetta skiptið hlaut íslenska liðið þau verðlaun.

„Þeir voru eiginlega hrifnastir af því hvað við vorum sveigjanleg. Við erum með mjög lítið lið, einungis fimmtán manns, og með mjög takmörkuð fjárráð. Við höfum því þurft að haga okkur mjög íslenskt, það er, allir hjá okkur hafa í raun stokkið í öll verkefni,“ segir Arnar sem bætir því svo við að fyrirtæki á borð við Marel, Össur, Verkís, Icelandair Cargo, Héðin og Álheima hafi veitt liðinu mikinn stuðning.

Arnar segir liðið vera reynslunni ríkara og það hyggist taka þátt aftur að ári. Að þessu inni tók liðið ekki þátt í kappaksturhlutanum en Arnar segir markmiðið vera að klára öll stig keppinnar að ári en einungis broti bílanna í keppninni tekst það. Þá stefnir liðið einnig á að vera með umhverfisvænsta bíl keppinnar.

magnusl@frettbladid.is



BARA ÞAÐ
BESTA

Lyngháls 3 Reykjavík og Lónsbakki Akureyri

LÍFLAN

Þú ert hér: [Forsíða](#) / [Fréttir](#) / [Innlent](#) / Airbus verðlaunar íslenska háskólanema